

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

1) Deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Deiliskipulagið afmarkast af Iðjustíg og Krossmóa til suðurs, vesturmörkum lóðarinnar Krossmóa 2 og Hafnargötu til vesturs, Víkurbraut til norðurs og Bakkastíg til austurs.

Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

2) Grenndarkynning sjálfsafgreiðslubensínstöðvar við Hólagötu 20.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt grenndarkynninguna.

Grenndarkynningin tekur til sjálfsafgreiðslubensínstöðvar við Hólagötu 20 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Reykjanesbæ, 17. febrúar 2005.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.